

Reykjavík, 9. júní 2008

Úrskurður nr. 24/2008.

Í dag var hjá Tollstjóranum í Reykjavík kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

Kærandi: A, hrl., fyrir hönd B.

Kærufni: Tollflokkun á varmadælum.

I. Kæra

Með bréfi, dags. 6. mars 2008, sem barst embættinu þann 13. mars 2008, kærir B, ákvörðun tollstjórans í Reykjavík frá 12. febrúar 2008, um tollflokkun á varmadælum af gerðinni Thermia Atria og Thermia Robust. Varmadælurnar voru fluttar inn 5. febrúar sl. með sendingu til B nr. E LOM 05 02 8SE GOT W060 og eru þær af gerðinni Thermia Atria 12 kw. og Thermia Robust 35 kw.

II. Málsmeðferð

Málavextir eru þeir að 11. febrúar sl. móttók embættið aðflutningsskýrslu vegna fyrrgreindrar sendingar. Í aðflutningsskýrslunni voru varmadælur af gerðinni Thermia Atria 12 kw. og Thermia Robust 35 kw. tollflokkaðar í tollskrárnúmer (hér eftir tnr.) 8418.6109: „Kæliskápar, frystar og annar kæli- eða frystibúnaður, einnig fyrir rafmagn; varmadælur, þó ekki loftjöfnunartæki í nr. 8415: - annað.“ Embættið gerði athugasemd við skýrsluna þann 12. febrúar sl. og tollflokkaði skjáina í tnr. 8418.6101: „Kæliskápar, frystar og annar kæli- eða frystibúnaður, einnig fyrir rafmagn; varmadælur, þó ekki loftjöfnunartæki í nr. 8415: - Heimilistæki“. Þann 19. febrúar sl. var sendingin tollafgreidd í samræmi við fyrrgreinda athugasemd embættisins.

Með bréfi, dags. 6. mars 2008, sem barst embættinu þann 13. mars 2008, kærði B tollflokkun á varmadælum af gerðinni Thermia Atria og Thermia Robust. Þann 31. mars sl. óskaði embættið eftir frekari gögnum svo unnt væri að afgreiða málið og þá sérstaklega myndlistum. Jafnframt var tekið fram að athugasemdum kæranda varðandi vörugjöld yrði að beina til fjármálaráðuneytisins og að ábendingu varðandi ósamræmi í tollafgreiðslu hefði verið komið á framfæri við endurskoðunardeild embættisins. Þann 11. apríl sl. hafði A hrl. samband með tölvupósti fyrir hönd kæranda. Þar segir að kæran hefði verið studd ítarlegum gögnum sem send hafi verið embættinu með tölvupósti en benti einnig á að þessi gögn væru tiltæk á heimasíðu fyrirtækisins. Með tölvupósti þann 7. maí sl. var óskað eftir frekari upplýsingum um gerð þeirra varmadæla sem voru í sendingunni og bærust þær upplýsingar með tölvupósti samdægurs. Með tölvupóstum þann 5. maí og 27. maí sl. til fyrirsvarsmann kæranda var gerð grein fyrir því að málið hefði tafist sökum veikinda hjá starfsmönnum embættinu.

III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi byggir kröfu sína um endurskoðun, niðurfellingu og endurgreiðslu vörugjalda á lögum um vörugjöld nr. 97/1987. Í kærubréfi er þess krafist að varmadælurnar sem voru tollflokkaðar í tnr. 8418.6101 verði tollflokkaðar í tnr. 8403.1000 þar sem varmadælur séu notaðar til kyndingar í húsum líkt og olúketill sem er tollflokkaður í 8403.1000. Einnig var bent á að þær gætu fallið undir tnr. 8418.6109 þar sem að þá myndu þær vera undanþegnar vörugjaldi eins og sambærilegar vörur. Kærandi tók fram úr hverju varmadælur væru samsettar en það væri dælur, forhitarar, annar aukabúnaður og gasþjappa og benti á að þessir hlutir virtust ekki bera vörugjöld og því væri um að ræða misskilningur í skránni um vörugjöld. Að lokum óskaði kærandi eftir því að kannað yrði hvort þær varmadælur sem áður hefðu verið fluttar inn hefðu borið vörugjöld og tók fram að hugsanlega væri að þær hefðu fallið undir önnur númer til dæmis 8415.8100 eða 8415.1000.

IV. Niðurstaða

Við tollflokkingu á mismunandi gerðum af varmadælum er meginhlutverk þeirra sem ræður því í hvaða tollflokk þær falla. Samkvæmt kynningabæklingi um varmadælur, sem inniheldur upplýsingar frá framleiðanda, þá kemur fram mismunandi hlutverk þeirra gerða af varmadælum sem fluttar voru inn með ofangreindri sendingu. Í almennri lýsingu á varmadælu greinir svo að hún sé tæki sem dregur hita úr umhverfinu (aðallega úr grunnvatni, jarðvegi eða lofti) og breytir því með aðstoð annars orkugjafa (t.d. rafmagns eða gasi) í aflmeiri hitagjafa.

Þá segir í lýsingu á Thermia Robust, sem er önnur gerðin af þeim varmadælum sem fluttar voru inn, að þær henti fyrir stærri verkefni. Þær séu hannaðar fyrir stærri uppsetningar, t.d í atvinnuhúsnæði. Með þeim sé hægt að sameina ýmsar grunnstærðir til að fullnægja megi óskum um afköst og boðið væri upp á tvöskónar mismunandi aflsvið og búi þær yfir framúrskarandi afköstum. Eins segir að Thermia Robust sé varmadæla sem meðal annars getur endurunnið afrennslisvatn úr húsinu með sérstökum orkusparandi búnaði. Samkvæmt ofangreindri lýsingu er ljóst að hlutverk Thermia Robust er til atvinnunota en ekki til heimilisnota.

Aftur á móti er ljóst samkvæmt lýsingu sem fylgir Thermia Atria, sem er hin gerðin af varmadælum sem flutt var inn af kæranda, að hlutverk slíkra varmadæla sé til heimilisnota. Í bæklingnum segir að hún nýti orkuna í loftinu utan dyra og að hún sé fullkomin lausn fyrir þá sem vilja ekki, geta ekki eða er ekki heimilað að bora eftir berghita og að hún geti dregið úr húshitunarkostnaði um 75%. Þá segir í almennri lýsingu um loftvarmadælur, sem Thermia Atria fellur undir, að þær séu lægri fjárfestingarkostur og hafi engin áhrif á jarðveginn. Þær safna lofti með því að nota aðgreindan loftgeymi sem er staðsettur utan dyra. Jafnframt segir í bæklingi að þær séu auðveld í notkun og ekki plássfrek. Með þeim sé möguleiki að bæði hita upp og kæla niður hús án þess að kostnaður nemi meiru en kostnaði við venjulegt vatnshitunarkerfi. Við val á varmadælu segir að stærð hússins, landfræðileg lega þess og fjöldi íbúa í húsinu séu allt þættir sem hafa áhrif á heildarmyndina. Tekið er fram að til að húshitunarlausn geti talist góð þarf hún að geta boðið upp á heitt vatn, hitun og kælingu. Eins að vatnshitunarkerfi ætti að taka eins lítið rými og mögulegt er. Undir tnr. 8418 falla: „*kæliskápar, frystar og annar kæli- eða frystibúnaður, einnig fyrir rafmagn; varmadælur, þó ekki loftjöfnunartæki í nr. 8415.*“ Ljóst er að varmadælur falla undir framangreint tollnúmer eins og skýrt kemur fram í lýsingunni.

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vörunúmerskrá sem tók gildi 1. janúar 1988. Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breyting á tollalögum nr. 55/1987, voru tollflokunarreglur samræmdu skrárinnar teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988. Tollskráin og túlkunarreglur hennar er birt sem viðauki I við lög. Alþjóðatollastofnunin hefur umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hefur í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes) og ákvarðað tollflokkun vöru þegar ágreiningur er milli aðildarríkjanna og ber að líta til skýringargagna stofnunarinnar í tollflokkun. Í skýringarritum hennar eru varmadælur skýrt skilgreindar í flokkunarkerfinu og þar flokkaðar í tnr. 8418.61. eins og varmadæurnar sem hér um ræðir voru tollflokkaðar í.

Í íslenskri tollskrá er tnr. 8418.61 síðan skipt niður í *–heimilistæki–* tnr. 8418.6101 og *–annað–* tnr. 8418.6109. Hér ráða því stærð og afköst þess búnaðar sem um ræðir ferðinni í hvorn flokkinn þessar mismunandi gerðir af varmadælum falla í. Þær varmadælur sem hér um ræðir eru gerðar fyrir talsvert mismunandi afköst og stærra tækið hentar fyrir atvinnuhúsnæði. Því er rétt að líta til þess og flokka þær með mismunandi hætti. Þar sem Thermia Robust er tæki til atvinnurekstrar þá fellur það því ekki, eins og Thermia Atria gerir, undir tnr. 8418.6101. heldur undir tnr. 8418.6109. sem er eins og fyrr greinir: *kæliskápar, frystar og annar kæli- eða frystibúnaður, einnig fyrir rafmagn; varmadælur, þó ekki loftjöfnunartæki í nr. 8415: - annað, og ber því ekki 20% vörugjald.*

Thermia Atria telst hinsvegar til heimilistækis þar sem meðal annars er fjallað um gagn hennar við almenna húshitun og velja verði hana með tilliti til fjölda íbúa í húsi. Einnig er sérstaklega tekið fram að Thermia Robust sé sú gerð sem henti fyrir stærri verkefni sem og atvinnuhúsnæði og þar af leiðandi má álykta að minni gerðin, Thermia Atria, henti fyrir smærri verkefni eins og almenn íbúðarhúsnæði. Því fellur Thermia Atria undir tnr. 8418.6101 en Thermia Robust undir tnr. tnr. 8418.6109.

Til stuðning þess að tollflokka eigi varmadæurnar í tnr. 8403.1000, vísar kærandi til þess að varmadælur sem hér um ræðir séu notaðar til kyndingar í húsum líkt og olúketill sem er tollflokkaður í 8403.1000. Undir tnr. 8403.1000. falla: „*Katlar til miðstöðvarhitunar, þó ekki katlar í nr. 8402: - Katlar*“. Samkvæmt almennum reglum um tollflokkun er ekki hægt að byggja tollflokkun á því að tæki séu notuð í sama tilgangi heldur verður að miða við ofangreindar túlkunarreglur og hér er einnig ekki um sambærileg tæki að ræða. Einnig var bent á að þær gætu einnig fallið undir tnr. 8418.6109 þar sem að þá myndu þær vera undanþegnar vörugjaldi eins og sambærilegar vörur. Ekki hægt að byggja tollflokkun á því að flokka beri tæki í þá tollflokka sem bera ekki vörugjöld vegna óska kæranda eða vegna sambærilegs hlutverks heldur verður að flokka hvert tæki miðað við ofangreindar túlkunarreglur.

Kærandi tók fram úr hverju varmadælur væru samsettar en það væri dælur, forhitarar, annar aukabúnaður og gasþjappa og benti á að þessir hlutir virtust ekki bera vörugjöld og því væri um að ræða misskilningur í skránni um vörugjöld. Tollflokkun fer eftir tækinu samsettu en ekki eftir því hvernig mismunandi hlutar þess eru tollflokkaðir. Að lokum óskaði kærandi eftir því að kannað yrði hvort þær varmadælur sem hefðu verið fluttar inn hefðu borið vörugjöld og tók fram að hugsanlega væri að þær hefðu fallið undir önnur númer til dæmis 8415.8100 eða 8415.1000. Eins og að ofan greinir falla varmadælur í tollnúmer 8418.61. og svo ráða stærð og afköst þess búnaðar sem um ræðir, ferðinni í hvorn flokkinn, 6101 eða 6109, mismunandi gerðir af varmadælum falla. Með vísan til ofangreinds verður ekki fallist á kröfu kæranda um tollflokkun varmadælur af gerðinni Thermia Atria 12 kw í 8403.1000 eða í tnr. 8418.6109 en fallist er á kröfu kæranda um að tollflokka Thermia Robust í tnr. 8418.6109.

ÚRSKURÐARORÐ

Embætti tollstjórans í Reykjavík úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 að ákvörðun tollstjórans um að tollflokka varmadælu af gerðinni Thermia Atria 12 kw. í tollskránnúmer 8418.6101 er staðfest en að tollflokka beri varmadælu af gerðinni Thermia Robust 35 kw. í tollskránnúmer 8418.6109.

Kæruréttur

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005.